

- TILHLÖKKUN -

- UMFANGJA - VENTUMBYKJA

Bókinum Tíslu

- REIÐI - FYRIGEININGA - HRÆÐSLA - ÖÖRYGGI -

- TILLITSSAMTAKI

- HRÆÐSLA - SAMVEPA - EINLEONI




- SJÁLSTRA - SAMVEPA - VÍNNA

- SÖKN


- TILLITSSAMTAKI

- STRÍÐNI - EINELTI

Hvernig líður Tíslu?



Tísla er _____



Hér er hægt að teikna svipbrigði á Tíslu sem lýsa ákveðinni tilfinningu.
Athugaðu að nota túss sem hægt er að stroka út og sóðar ekki mikið.

Bókin um Tíslu



Efnisyfirlit

TIL KENNARA	2-3
1 Tísla byrjar í skóla	spenna, kvíði, tilhlökkun	4-5
2 Tísla kynnist nýjum vinum	vinátta og traust	6-7
3 Fjölskylda Tíslu	umhyggja	8-9
4 Tísla fer í frímínútur	reiði, fyrirgefning	10-11
5 Eldri nemendur í Músaskóla	hræðsla, óöryggi	12-13
6 Tísla vill ekki skiptast á	virðing, tillitssemi	14-15
7 Tísla fer á klósettið í Músaskóla	hræðsla	16-17
8 Að leika saman	samvera, einlægni	18-19
9 Íþróttir og sund	áhyggjur, sjálfstraust	20-21
10 Matsalurinn	tillitssemi, vanlíðan	22-23
11 Að vinna saman	samvinna	24-25
12 Þetta er minn líkami	samskipti	26-27
13 Tísla missir gæludýr	sorg, söknuður	28-29
14 Allir eru einstakir	hjálpsemi	30-31
15 Ólíkir siðir og ólíkar venjur	virðing, tillitssemi	32-33
16 Hæfileikar Tíslu	styrkleikar, sjálfstjórn	34-35
17 Tísla hjálpar bekkjarfélaga	striðni, einelti	36-37
18 Tísla lærir að lesa	þolinmæði	38-39
19 Gaman saman	gleði, tilhlökkun	40-41



Til kennara

Bókin um músina Tíslu er námsbók í siðfræði og lífsleikni. Hún fjallar um hugsanir, tilfinningar og atvik sem upp kunna að koma hjá börnum við upphaf skólagöngu og hvernig má takast á við breytingar á jákvæðan hátt. Hún er hugsuð fyrir kennara til að leiða samverustund með nemendum sínum þar sem rætt er um hvernig bregðast má við eða vinna með þessar tilfinningar.

Í bókinni kemur fram að öll erum við ólík, hvort sem er í útliti eða innra með okkur. Við erum misvel undirbúin að takast á við ólíkar aðstæður. Það er mikilvægt að ræða við nemendur strax frá upphafi skólagöngu um það hvernig þeir geta tekist á við mismunandi aðstæður. Í því samhengi er gott að vinna með þætti eins og samvinnu, ábyrgð, tillitssemi, virðingu, vináttu, umhyggju, samkennd og sjálfstjórn.

Sögumaðurinn er músin Tísla. Hún er að byrja í Músaskóla og lendir í ýmsum árekstrum og upplifir ýmsar tilfinningar sem fylgja því. Hún biður börnin um aðstoð við að leysa klípur og klemmur sem hún lendir í eins og að vera strítt, þora ekki á klósettið í skólanum og vera hrædd í frímínútum. Lögð er áhersla á að fylgja fyrirmælum og leiða hjá sér óæskilega hegðun annarra. Einnig er lögð áhersla á að þrátt fyrir að við séum öll einstök, fjölskyldur okkar séu ólíkar og hafi mismunandi trúarskoðanir, þá höfum við öll tilfinningar. Tilfinningar eins og gleði, tilhlökkun, traust, metnað, sorg, söknuð, reiði, kvíða, óöryggi og hræðslu.

Bókin skiptist í 19 kafla og inniheldur hver kafla frásögn Tíslu, lausnaleit með mögulegum lausnum, söng og leik. Hún er ætluð nemendum við upphaf skólagöngu, einu sinni til tvisvar í viku í samverustundum bekkjarins. Einnig er hægt að hafa samverustundirnar oftari, jafnvel á hverjum degi og ljúka bókinni þá á styttri tíma. Kennari getur valið í hvaða röð hann tekur kaflana og látið það ráðast af þörfum hópsins, t.d. ef upp koma atvik í skólanum sem tengjast efni ákveðins kafla.

Bókin er byggð á markmiðum aðalnámskrár grunnskóla er snertir siðfræði og trúarbragðafræði á yngsta stigi en þau eru að nemendur

- fáist við siðræn viðfangsefni sem tengjast vináttu og merkingu orðanna rétt og rangt, mitt og þitt, iðrun og fyrirgefning.
- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli, hjálpssemi og vandamál tengd einelti og bakmælg.
- geti greint og lýst ýmsum tilfinningum, t.d. hamingju, gleði, sorg og reiði.
- læri leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér: færni í samvinnu, að sýna tillitssemi, að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, að setja sig í spor annarra, að hlusta á aðra og sýna kurteisi.
- geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins og læri að bera virðingu fyrir sérstöðu annarra og séreinkennum.

Hugmyndir fyrir kennara

Áður en Tísla kemur í fyrstu heimsóknina er gott að huga að því hvar kennarinn ætlar að sitja með nemendum sínum. Best er að sitja í hring á gólfi eða í svokölluðum heimakrók. Ein hugmynd er að hver og einn nemandi komi með peysu að heiman sem er orðin of lítil. Þúðafylling er sett inn í peysuna og síðan saumað með saumavél hringinn þ.e. fyrir kragann, ermar og neðst á peysunni. Þá er búið að útbúa þúða sem hægt er að sitja á og ermarnar eru notaðar til að hnýta þúðana saman í hring. Síðan má leysa ermarnar í sundur og raða upp á nýtt í hringinn.

Músinn Tísla getur birst krökkunum sem leikbrúða eða tuskumús sem kennarar stjórna þegar að samverustund kemur. Einnig mætti hugsa sér að nemendur fönnduðu saman mús sem væri þeirra Tísla. Það má líka vera um ímyndaða mús að ræða þar sem nemendur styðjast við myndirnar úr bókinni.

Lausnaleit: Í lok hvers kafla er lausnaleit en í henni hjálpar kennari nemendum að finna mögulegar lausnir á viðfangsefni kaflans. Mikilvægt er að lausnir komi frá nemendum og að allir fái tækifæri til að koma með tillögur. Þá er gott ráð að láta einhvern hlut ganga á milli barnanna, t.d. stein, og hafa þá reglu að einungis sá sem er með steininn má tala. Í hverjum kafla er jafnframt að finna mögulegar lausnir sem kennari getur notað í framhaldi af lausnum barnanna. Gott er að skrifa lausnir á flettistöflu eða blað og fara yfir þær með öllum hópnum. Þá er vert að hafa í huga að ekki eru allir farnir að lesa og því geta myndir og tákn komið í stað orða.

Söngvar og leikir: Í lok hvers kafla er söngur og leikur en þeir eru allir þekktir, bæði í leikskólum og grunnskólum. Söngvarnir ættu að vera auðveldir í flutningi með eða án undirleiks. Leikirnir reyna flestir á samvinnu en þá er að finna í leikjabanka Ingvars Sigurgeirssonar (www.leikjavefurinn.is) og eru þeir birtir með góðfúslegu leyfi hans.

Heima: Margir kennarar senda reglulega til foreldra/forráðamanna vikupóst eða einhver samskiptabréf. Til að umræðan um liðan og tilfinningar berist heim getur reynst gott að senda í vikupóstinum frásögn af komu Tíslu til bekkjarins og það efni sem um var rætt hverju sinni. Í hverjum kafla er að finna dálk sem nefnist heima, þar er tillaga að texta sem gæti farið til foreldra/forráðamanna.

Visan um Tíslu

Lítið stef fylgir komu Tíslu og kennarar geta kennt nemendum lagið og sungið innkomustefið í upphafi samverustundarinnar. Nótur með laginu er að finna hér á eftir og á vef Menntamálastofnunar (www.mms.is) má heyrna lagið sungið.

Tísluvísa

F C F C F F C

Tísla' er mús í Mús-a - skól - a, mæt - ir þar hvern skól a - dag. Lær - ir fyrst fer svo að

5 F C F Bb F

ról - a, fjör - ugt syngj - um þett - a lag. Komd - u Tísl - a, komdu' að spjall - a, kom um

10 C F F C F C C7 F

sam - an hér í hring. Til þín krakk - ar glað - ir kalla - a, Tísl - a litl - a á - fram syng!

Lag og texti: Hrunn Hlökkversdóttir
Tölvuvinnsla og útsetning: Jón Hlökkver Áskelsson

Tísluvísa

Tísla' er mús í Músaskóla,
mætir þar hvern skól dag.
Lærir fyrst fer svo að róla,
fjörugt syngjum þetta lag.
Komdu Tísla, komdu' að spjalla,
komum saman hér í hring.
Til þín krakkar glaðir kalla,
Tísla litla áfram syng.





Tísla var spennt og kvíðin áður en
hún byrjaði í skólanum.

Tísla byrjar í grunnskóla

SPENNA – KVÍÐI – TILHLÖKKUN

Halló krakkar.

Mikið er gaman að vera komin í heimsókn til ykkar. Ég heiti Tísla og ég er mús. Ég var að byrja í Músaskóla sem er hérna rétt hjá ykkar skóla. Mig langar að ræða aðeins við ykkur um það hvernig er að byrja í skóla. Ég veit að þið vitið hvernig það er.

Mér fannst gaman að byrja í Músaskóla en líka svolítið erfitt. Músaskóli er miklu stærri en leikskólinn sem ég var í. Það eru svo margir nemendur í Músaskóla og líka margir sem vinna þar. Mamma og pabbi fóru með mig í heimsókn í skólann í vor og það var gaman. Þá fékk ég að skoða allan skólann og búa til verkefni með hinum krökkunum sem voru líka að byrja í skólanum. Fóruð þið í heimsóknir í ykkar skóla?

Ég þarf að segja ykkur frá einu sem ég skil ekki alveg og ég held að þið getið kannski hjálpað mér með. Áður en ég fór fyrst í skólann fékk ég skrýtna tilfinningu í magann. Ég var svo mikið að hugsa um hvernig allt yrði í skólanum, kennararnir, krakkarnir, frímínúturnar og þá fann ég eins og litla stingi í maganum. Eða eins og það væru fiðrildi að fljúga um í maganum á mér. Svona var þetta í nokkra daga áður en ég fór í skólann og fyrsta skóladaginn minn var eins og fiðrildin hefðu stækkað. Þegar ég sagði mömmu og pabba frá þessu þá sögðu þau mér að þessi tilfinning tengdist því að finna fyrir spennungi. Ég væri svona spennt yfir því að byrja í Músaskóla. Kannski væri ég líka pínulítið kvíðin, sem er alveg eðlilegt þar sem ég væri að kynnast nýjum krökkum og nýju umhverfi.

Hafið þið einhvern tíma fundið svona kitl í maganum ykkar? Hafið þið fundið spennu annars staðar en í maganum?



Lausnaleit: Hvað haldið þið að sé best að gera þegar þið eruð spennt eða kvíðin? Hafið þið einhver ráð handa Tíslu?

Tilfinningablús

Ég finn það ofan í maga ohó
 ég finn það fram í hendur ohó
 ég finn það niður í fætur ohó
 ég finn það upp í höfuð ohó.
 Ég finn það hér og hér og hér
 og hér og hér og hér og hér.
 Hvað ég er reið (*glöð/leið/hress/preytt*),
 hér inn í mér.

Margrét Pála Ólafsdóttir

Skólatöskuleikur

Markmið þessa leiks er að nemendur standi fyrir framan hóp og segi frá. Gott er að fara í leikinn á fyrstu skóladögunum. Hann fer þannig fram að hver og einn nemandi lýsir skólatöskunni sinni: stærð, lögun, lit, myndum o.fl. Kennarinn aðstoðar eftir þörfum.

Heima

Tísla var spennt og kvíðin áður en hún byrjaði í skólanum. Hún kom í heimsókn til krakkanna í bekknum og við ræddum um tilfinningarnar sem fylgja því að vera spenntur og kvíðinn.

Foreldrar eða forráðamenn ræða við barnið um kvíða og upplifun þess að byrja í grunnskóla.

Mögulegar lausnir: Það er eðlilegt þegar við erum að takast á við nýja hluti að finna fyrir spennungi og kvíða. Sumir finna fyrir þessu í maganum. Aðrir verða sveittir í lófunum, skjálfa, finna fyrir hjartslætti eða eiga erfitt með að tala. Mikilvægt er að tala um þessa tilfinningu við foreldra eða góða vini. Tala um það sem veldur kvíðanum til þess að takast betur á við hann og þekkja þessa tilfinningu. Það er alltaf gott að fá einhvern fullorðinn til að útskýra betur það sem við skiljum ekki eða þekkjum ekki.

Þegar fyrsti skóladagurinn nálgast eru flest börn spennt en sum eru kvíðin. Það er eðlilegt að vera spenntur þegar byrjað er á einhverju nýju. Segja má að spennungur sé góður kvíði en ef um áhyggjur er að ræða sem varað hafa í einhvern tíma þá er um vandan kvíða að ræða. Þá þarf að reyna að átta sig á hvað það er sem veldur áhyggjunum, af hverju þær stafa. Góður undirbúningur fyrir skólabyrjun getur dregið úr kvíða og gagnlegt er að foreldrar láti kennarann vita af kvíðanum. Þá er hægt að finna einhvern tengilið fyrir nemandann hvort sem það er kennarinn sjálfur eða annar nemandi, t.d. sem býr nálægt.

Takk fyrir
 góð ráð,
 sjáumst
 seinna.





Tísla er glöð og hún hefur eignast
marga nýja vini.

Tísla kynnist nýjum vinum

VINÁTTA OG TRAUST

Halló krakkar.

Það er svo gaman að geta spjallað saman. Eruð þið búin að eignast nýja vini hér í skólanum?

Vitið þið hvað! Ég er búin að eignast marga nýja vini, bæði músastelpur og músastráka. Þegar ég kom fyrst í skólann var ég dálítið feimin. Ég þorði eiginlega ekki að tala við hina krakkana. Ég sat bara ein við borðið mitt og fór ein út í frímínútur. En síðan var kennarinn minn svo sniðugur að hann fór með okkur í alls konar leiki og þá var miklu auðveldara að kynnst hinum krökkunum. Við fórum til dæmis í nafnaleiki þar sem við lærðum öll nöfnin á bekkjarfélögum. Finnst ykkur það ekki sniðugt? Síðan fórum við í gönguferð með kennaranum um hverfið og fórum fram hjá músarholum allra í bekknum. Þá gátum við séð hvar allir eiga heima. Vitið þið hvað? Það eru tvö músabörn í bekknum sem eiga holur rétt hjá músarholunni minni. Við getum verið samferða í skólann á morgnana. Nú er ég ekki lengur ein því ég á marga vini.

Kennarinn okkar ræddi við okkur um vináttuna. Það er svo erfitt ef maður er einn og á enga vini. Allir eiga að vera góðir hverjir við aðra og ekki skilja út undan. Hann sagði að það væri góð regla að leyfa öllum að vera með í leik.



Lausnaleit: Hvað þarf að gera til þess að vera góður og traustur vinur?

Það er gaman að vera saman

Það er gaman að vera saman,
vera saman, vera saman.

Það er gaman að vera saman,
þá líður okkur vel.

Vinur þinn er vinur minn
og vinur minn er vinur þinn.
Það er gaman að vera saman,
þá líður okkur vel.

Það er gaman að lita saman,
lita saman, lita saman.
Það er gaman að lita saman,
þá líður okkur vel.

Lita gulan, lita rauðan,
lita grænan, lita bláan.
Það er gaman að lita saman,
þá líður okkur vel.

Rúnar Júlíusson

Nafnaleikur

Til að nemendur læri nöfnin á bekkjarfélögum sínum er gott ráð að fara í nafnaleiki. Það eru til nokkrir slíkir en hér verða tveir nefndir.

Einn leikur er þannig að nemandi byrjar á því að kynna sig. „Ég heiti ...“. Síðan horfir hann á sessunaut sinn og spyr: „Hvað heitir þú?“ Sá næsti kynnir sig en þarf líka að nefna þá sem þegar hafa kynnt sig. T.d. ef röðin er komin að nemenda þrjú þá segir hann nafnið sitt og þeirra tveggja sem á undan voru. Dæmi: „Ég heiti Magnús, Sigrún, Jón“ og spyr síðan næsta: „Hvað heitir þú?“ Þetta verður alltaf erfiðara og erfiðara eftir því sem fleiri bætast við og þá mega aðrir nemendur hjálpa.

Annar leikur sem gaman er að fara í er þannig að nemendur kasta bolta á milli sín. Sá sem hefur boltann segir nafnið sitt og svo nafn þess sem hann kastar til og þannig heldur leikurinn áfram þar til allir hafa fengið að kasta boltanum.

Heima

Tísla er glöð og hún hefur eignast marga nýja vini í skólanum. Hún kom í heimsókn til krakkanna í bekknum og við ræddum saman um vináttu og það að vera góður vinur.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um vináttu og traust. Hvernig barnið getur verið góður vinur og einnig hvernig það vill að vinir þess komi fram við það.

Mögulegar lausnir: Vinátta getur birst á svo marga vegu. Vinátta er að leika saman. Vinir eru góðir og tala vel hver um annan. Þeir leyfa öðrum að vera með og þá er líka hægt að kynnst enn fleiri vinum. Ef ekki er hægt að leika samdægurs þá er góð regla að finna annan tíma, jafnvel næsta dag. Sumir leika við ákveðna vini í skólanum og með öðrum heima. Við sýnum vináttu þegar við komum vel fram við alla krakka, líka þá sem við þekkjum lítið. Þannig getum við líka kynnst öðrum krökkum og eignast nýja vini og félagu.

Takk fyrir
góð ráð,
sjáumst
seinna.





Tísla býr hjá pabba sínum, mömmu og tveimur systkinum.


Fjölskylda Tíslu

UMHYGGJA

Halló krakkar.

Ég er komin í heimsókn, Tísla vinkona ykkar. Það er svo gaman að koma til ykkar. Mig langar til að segja ykkur frá fjölskyldunni minni. Ég á heima hjá pabba og mömmu í músarholu hér úti í móa. Ég á tvö yngri systkini. Systir mín heitir Snúlla og bróðir minn heitir Baddi. Bestu vinir mínir, þau Njalli og Sía, eiga ekki eins fjölskyldu og ég. Sía býr hjá mömmu sinni og pabba til skiptis. Hún er stundum hjá mömmu sinni og fósturpabba sínum og stundum hjá pabba sínum og kærustunni hans. Í fjölskyldunni hans Njalla eru pabbi hans og mamma, eldri bróðir og síðan býr amma hans hjá þeim.

Kennarinn minn sagði að til væru allskonar fjölskyldur, litlar og stórar. Stundum eru tvær mömmur sem búa saman með börnunum sínum eða tveir pabbar. Í sumum fjölskyldum er ein mamma og tvö börn og í öðrum pabbi, fósturmamma og fullt af börnum. Fjölskyldur eru ólíkar og það er allt í lagi.



Fingrapúla

Pumalfingur er mamma
sem var mér vænst og best.

Vísifingur er pabbi
sem gaf mér gráan hest.

Langatöng er bróðir,
sem býr til falleg gull.

Baugfingur er systir,
sem þrjónar sokka' úr ull.

Litlifingur er barnið
sem leikur að skel.

litli þínu anginn
sem stækkar svo vel.

Hér eru öll hjúin, svo falleg og nett,
fimm eru á bænum, ef talið er rétt.

Mikið væri gaman, í þessum heim,
ef öllum kæmi saman jafn vel og þeim.

Lausnaleit: Vissuð þið að til eru mismunandi fjölskyldugerðir? Segið mér frá því hvernig ykkar fjölskylda er.

*Góð hugmynd
er að fönndra fjölskyldu Tíslu eða
teikna fjölskyldumyndir nemenda í
bekknum.*

Heima

Lesið saman: Tísla býr hjá pabba sínum,
mömmu og tveimur systkinum.

Spurning: eru allar fjölskyldur eins?

Foreldrar eða forráðamenn ræða við barnið um
mismunandi fjölskyldugerðir.

Mögulegar lausnir: Mörg börn eru viðkvæm fyrir fjölskyldu sinni og oft eru þau að bera sig saman við aðra. Nauðsynlegt er að tala um það sem eðlilegan hlut hversu ólíkar fjölskyldur eru. Í bekknum geta verið börn sem alast upp hjá báðum foreldrum, fráskildum foreldrum, stjúpforeldrum eða hjá ömmu og afa. Þau geta búið með alsystkinum, hálf systkinum eða stjúp systkinum. Foreldrar geta verið samkynhneigðir, af erlendum uppruna, fatlaðir eða veikir. Með því að fjalla um fjölskyldur barnanna erum við að viðurkenna fjölbreytileikann og gera börnunum ljóst að hver og ein fjölskylda er einstök. Það er því mikilvægt að fjalla um sem flestar fjölskyldugerðir til að tryggja að börnin séu meðvituð um ólík fjölskylduform.

Hver er undir teppinu?

Einn nemandi er sendur fram og á meðan er annar valinn til að fara í miðju hringsins og vera þar undir teppi. Nemandinn sem er frammi kemur nú inn og giskar á hver sé undir teppinu.

*Takk fyrir
góða umræðu,
sjáumst
seinna.*





Tísla var sár og reið þegar
henni var strítt.

Tísla fer í frímínútur

REIÐI – FYRIRGEFNING

Halló krakkar.

Nú varð ég að koma í heimsókn til ykkar. Það kom nefnilega svolítið fyrir í frímínútum í gær sem mig langar að segja ykkur frá. Ég var úti að leika mér við hina músakrakkana þegar Baddi bekkjarbróðir minn fór að stríða mér. Hann sagði við mig að ég væri lítil og að ég gæti ekkert í skólanum. Hann sagði líka að ég ætti bara að vera áfram í leikskóla. Finnst ykkur þetta ekki ljótt af honum? Ég varð mjög sár og reið við hann og hljóp og ýtti við honum svo að hann datt. Það var bara gott á hann. Baddi fékk sár á aðra höndina og fór að gráta. Kennararnir skömmuðu mig fyrir að hrinda honum. En það var hann sem var leiðinlegur við mig. Á þá ekki að skamma hann? Ég varð að koma til ykkar og biðja ykkur að hjálpa mér. Mér finnst þetta svo ósannjarnt. Hvað finnst ykkur?



Lausnaleit: Hvað er hægt að gera þegar einhver stríðir okkur? Hvaða ráð getið þið gefið Tíslu?

Lyklaleikur

Nemendur setjast í hring. Bundið er fyrir augun á einum nemanda og hann sest í miðju hringins með lykla fyrir framan sig. Kennarinn bendir á einn úr hringnum, hann læðist og reynir að ná lyklunum hljóðalaust. Takist það fær hann að setjast næst inn í hringinn. Ef sá sem situr í hringnum heyrir í lyklunum bendir hann í þá átt sem hljóðið kemur. Þá velur kennarinn annan nemanda til að reyna að ná í lyklana.



Skugginn

Ég á lítinn skrýttinn skugga, skömmin er svo líkur mér, hleypur með mér úti og inni, alla króka sem ég fer.

Allan daginn lappaléttur, leikur hann sér kringum mig. Eins og ég hann er á kvöldin, uppgefinn og hvílir sig.

Það er skrýtið a, ha, ha, ha hvað hann getur stækkað skjótt. Ekkert svipað öðrum börnum, enginn krakki vex svo fljótt.

Stundum eins og hugur hraður, hann í tröll sér getur breytt. Stundum dregst hann saman, saman, svo hann verður ekki neitt.

Sigurður Júl. Jóhannesson

Heima

Tísla varð sár og reið þegar bekkjarbróðir hennar stríddi henni. Hún kom í heimsókn í bekkinn og sagði krökkunum frá hvað hann hafði sagt við hana. Rætt var um stríðni og hvernig hægt er að bregðast við slíku.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við það um barnið hvernig því líður í frímínútum. Einnig hvað hægt er að gera þegar verið er að stríða þeim eða öðrum skólafélögum.

Mögulegar lausnir: Baddi kom illa fram við Tíslu. Það á ekki að segja svona ljótt við aðra. Þegar einhver kemur illa fram við mann er best að láta kennara eða einhvern fullorðinn vita. Þá gæti hann talað við Badda og sagt að svona mætti ekki gera. Það er ekki góð leið að hefna sín, hvorki með því að særa með orðum eða höndum og því betra að draga sig í hlé. Baddi þarf að biðja Tíslu fyrirgefningar og hún síðan að biðja hann fyrirgefningar. Þau þurfa að sættast til að geta umgengist hvort annað af virðingu.

*Takk fyrir
góð ráð,
sjáumst
seinna.*





Tísla er hrædd þegar hún gengur fram hjá stóru krökkunum í skólanum.

Eldri nemendur í Músaskóla

HRÆÐSLA – ÓÖRYGGI

Halló, vinir mínir.

Mikið er nú gott að vera komin til ykkar. Þið gefið mér alltaf svo góð ráð. Ég þarf að trúá ykkur fyrir svolitlu sem mér finnst ekki auðvelt að tala um.

Það er stundum erfitt að vera í skóla og það koma stundir þar sem mig langar bara til að fara aftur í gamla leikskólann minn. Það eru oft svo mikil læti í stóru músakrökkunum og svo stríða þau mér stundum. Um daginn þegar ég gekk fram hjá þeim sagði ein stelpa hátt við mig: „Hey, hvað ertu að gera hér litla mús!“ Ég vissi ekkert hvað ég átti að segja og flýtti mér fram hjá henni. Mér finnst þetta ekki skemmtilegt. Mig langar stundum frekar að snúa við heldur en að ganga fram hjá stóru músakrökkunum. Ég held að ég sé hrædd við þau.

Á kvöldin þegar ég er að fara að sofa hugsa ég stundum um þetta og þá liður mér ekki vel. Stundum segi ég við mömmu og pabba að ég vilji ekki fara í skólann eða að mér sé illt í maganum. Mamma segir þá: „Svona, svona Tísla mín, það er bara eðlilegt þegar maður er að byrja í skóla að vera svolítið smeykur.“ Hún segir að margir séu hræddir við eitthvað, meira að segja fullorðnir geti verið hræddir við flugur eða eitthvað annað. Mér finnst ekki gaman þegar stóru krakkarnir eru að hræða okkur litlu músakrakkana. Hafið þið orðið hrædd við stóru krakkana í ykkar skóla?



Góð hugmynd er að koma á samskiptum yngstu nemendanna við nemendur í eldri bekkjum. Það væri t.d. hægt að fá eldri nemendur til að koma í heimsókn í bekkinn og lesa fyrir þá, spila eða fara með þeim út í frímínútur.

Keðjuleikur

Skemmtileg leið til að uppgötva að við eigum margt sameiginlegt með öðrum er að fara í þennan keðjuleik. Nemendur ganga um herbergið. Kennarinn nefnir einhvern eiginleika eða einkenni og kallar það upphátt yfir hópinn. Nemendur finna önnur börn sem finnst það sama um sig eða hafa sama einkenni.

Dæmi: Kennarinn kallar: „uppáhaldsdýr“. Nemendur ganga um og segja upphátt nafnið á uppáhaldsdýrinu sínu og krækja saman höndum við þá sem eiga sama uppáhaldsdýr. Kennarinn kallar síðan upp annað einkenni, t.d. „augnlitur“. Þá slitna keðjurnar og nýjar myndast. Dæmi um fleiri einkenni geta verið mörg, s.s. uppáhaldslitur, uppáhaldsmatur, það sem þeim finnst skemmtilegast að gera í skólanum og hvað þau hræðast.

Mögulegar lausnir: Allir verða einhvern tíman hræddir. Það er mjög misjafnt við hvað við erum hrædd. Til dæmis hræðast sumir geitunga á meðan aðrir eru vatnshræddir. Ef við horfum á myndir sem okkur finnst ljótar verðum við stundum hrædd og eigum erfitt með að sofna á kvöldin. Umferðin getur hrætt okkur og líka krakkar sem stundum stríða. Hræðsla er eðlileg tilfinning en við verðum oft hrædd þegar okkur er ógnað eða við sjáum að við erum í hættu stödd. Smá hræðsla getur því verið nauðsynleg því þá gætum við okkur betur á raunverulegum hættum. Það er góð hugmynd að ræða við einhvern um það sem við hræðumst. Við getum þá fengið góð ráð og svo er líka svo gott að geta sagt einhverjum frá því hvernig okkur líður. Það getur veitt öryggi að vera í nálægð við einhvern fullorðinn s.s. starfsmann skólans á meðan maður er óruggur. Einnig er gott að hugsa jákvætt, líta í kringum sig og sjá að það er ekkert að óttast. Ef enginn annar er hræddur á svipinn, þá getur maður verið rólegri.

Lausnaleit: Við hvað eruð þið hrædd? Af hverju verðum við hrædd?

Hér búálfur á bænum er

Hér búálfur á bænum er á bjálkalofti í dimmuni. Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu. Hann stappar fótum, hoppar hátt og haframjölið étur hrátt. Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.

Hildigunnur Halldórsdóttir

Heima

Tísla er hrædd þegar hún gengur fram hjá stóru krökkunum í skólanum. Hún kom í heimsókn til krakkanna í bekknum og ræddi við þá um tilfinninguna sem fylgir hræðslu.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um hræðslu og af hverju við verðum hrædd. Einnig er gott að fara yfir það hvort eitthvað í skólanum sé ógnvekjandi.

*Takk fyrir
góð ráð,
sjáumst
seinna.*






Tísla var eigingjörn og leyfði ekki
öðrum músum að róla
í frímínútum.

Tísla vill ekki skiptast á

VIRÐING – TILLITSSEMI

Halló krakkar mínir.

Mér finnst gaman að róla mér í frímínútum og ég er oft fljót út og næ þá rólunni. Af því að ég náði rólunni fyrst þá vil ég hafa hana allar frímínúturnar. Hinir krakkarnir geta bara reynt að ná rólunni seinna. Kennarinn minn segir að það eigi að skiptast á að róla í rólunni í frímínútum. Mér finnst það óréttlátt. Ef ég næ rólunni fyrst finnst mér í lagi að ég sé í henni allar frímínúturnar. Kennarinn minn segir að það heiti að vera eigingjarn þegar ég hugsa svona og að það þýði að þá hugsi maður bara um sjálfan sig. Hann segir að það eigi að skiptast á en mér finnst það kannski ekki alltaf sjálfri. Hvað finnst ykkur?



Lausnaleit: Hvort finnst ykkur Tísla vera eigingjörn eða ekki? Finna allir fyrir eigingirni einhvern tíma? Hvernig væri ef allir væru alltaf eigingjarnir og hugsuðu bara um sjálfa sig?

Allir sem einn

Einn nemandi fer út í horn á skólastofunni eða fram á gang til þess að hinir geti talað saman án þess að hann heyri. Valinn er stjórnandi úr hópnum sem fær að ákveða hreyfingar, t.d. að sveifla annarri hendinni, kinka kolla, opna og loka munni. Leikurinn gengur út á það að allir gera sömu hreyfingar og stjórnandinn en hann þarf að skipta um hreyfingar nokkuð reglulega. Sá sem var út í horni eða frammi á gangi kemur inn og fylgist með. Hann á að reyna að koma auga á hver það er sem stjórnar. Þegar hann hefur fundið út hver er stjórnandinn er annar valinn til að fara fram á gang og hópurinn velur nýjan stjórnanda.

Mögulegar lausnir: Tísla er eigingjörn og þarf að setja sig í spor þeirra sem vilja líka róla í frímínútum. Nemendur þekkja líklega svipaðar sögur eða hafa upplifað eitthvað líkt því sem Tísla upplifði. Gott ráð er að búa til ákveðnar bekkjarreglur sem gilda fyrir rólurnar og fleiri útitækki, t.d. að skiptast á þegar búíð er að róla sér þrjátíu sinnum og æfa sig að telja í leiðinni. Tilvalið er að fara með nemendur í hlutverkaleik til að auka skilning þeirra á viðfangsefninu. Kennari fer með þeim út og biður einn nemanda að róla. Eftir nokkrar ferðir segir nemandinn: „Nú er ég hætt/ur að róla og nú mátt þú taka við“. Næsti nemandi tekur við rólunni og svo koll af kolli. Nemendur þurfa að læra að setja sig í spor annarra og að læra að biða.

Nemendur hafa ýmislegt fyrir stafni í frímínútum og stundum er líka hægt að fara í leiki. Hægt er að fá hugmyndir að leikjum hjá nemendum t.d. með því að kennarinn biður þá um að setja hugmyndir um leiki í krukku og áður en farið er í frímínútur er einn leikur dreginn sem allir fara saman í.

Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
við klöppum öll í einu,
það líkar okkur vel!

(stöppum, hoppum, grátum, hlæjum,
sofum, hvíslum, smellum o.s.frv.)

Heima

Tísla nær oft rólu í frímínútum og vill ekki leyfa öðrum músum að róla. Hún vill ekki skiptast á. Hún kom í heimsókn í bekkinn til að ræða þetta og fá ráð hjá nemendum.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um eigingirni og mikilvægi þess að skiptast á í útileiktækjum skólans.

*Takk fyrir góða umræðu.
Ég ætla að hætta að
vera eigingjörn og leyfa
öðrum líka að róla,
sjáumst seinna.*





Tísla þorir ekki á klósettið
í skólanum.

Tísla fer á klósettið í Músaskóla

HRÆÐSLA

Halló krakkar.

Nú þarf ég nauðsynlega á ykkar ráðleggingum að halda. Það er svo gott að ræða við ykkur um allt mögulegt og nú er eitt vandamál sem ég verð að segja ykkur frá. Í skólanum mínum eru klósettin frammi á gangi og við biðjum um leyfi þegar við þurfum að fara á klósettið. En vandamálið er að ég þori ekki að fara ein fram á klósett. Kannski kikir einhver eða fer að banka á hurðina. Síðan er ég hrædd um að geta ekki opnað aftur ef ég læsi hurðinni. Í gær var ég alveg í spreng og þurfti nauðsynlega að fara á klósett til að pissa. En ég bara þorði ekki. Ég hélt í mér alveg þangað til skólinn var búinn. Þá varð auðvitað slys á leiðinni heim og ég varð pissublaut. Mig langar svo til að fá ráð hjá ykkur. Hvað á ég að gera?



Lausnaleit: Hvað getur Tísla gert til að hún þori að fara á klósettið í skólanum?

Höfuð, herðar, hné og tær

∴ Höfuð, herðar, hné og tær, ∴: hné og tær, ∴: ∴:

Augu, eyru, munnur og nef.

Höfuð, herðar, hné og tær, hné og tær.

Hermann R. Stefánsson

Heima

Tísla þorir ekki á klósettið í skólanum. Hún er hrædd um að læsast inni eða einhver komi og trufla eða kiki. Tísla kom í heimsókn til bekkjarins og hjálpuðu krakkarnir henni að finna lausnir.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um það að fara á klósett annars staðar en heima.

Ávaxtaleikur

Kennari skiptir nemendum í nokkra ávaxtahópa. Að minnsta kosti þrjú til fjórir nemendur þurfa að vera í hverjum hópi. Best er að sitja á stólum en einnig er hægt að sitja í hring á gólfinu. Kennarinn kallar upp ávaxtaheiti, t.d. epli, og þá eiga allir í eplahópnum að skipta um sæti og mega ekki setjast þar sem þeir sátu áður. Kennarinn heldur áfram að nefna fleiri ávaxtahópa þar til allir hafa skipt um sæti. Ef kennarinn kallar upp: „ávaxtakarfa“, þá eiga allir að skipta um sæti í einu. Til að gera leikinn meira spennandi getur kennarinn tekið þátt og sest í eitt sætið eftir að hafa nefnt einn ávöxt. Þá vantar einn nemanda sæti og þá fær hann að nefna einhvern ávöxt.

Mögulegar lausnir: Sumir nemendur eru smeykir við að fara á klósett annars staðar en heima hjá sér og það er alveg eðlilegt. Gott er að segja mömmu eða pabba frá óttanum. Einnig að láta kennarann vita af þessu og fá einhvern til að fylgja sér á klósettið. Kennarinn getur farið með alla nemendur til að skoða klósettin, prófa að sturta niður og æfa sig að þvo hendur og þurrka þær. Einnig að prófa að læsa og opna. Mikilvægt er að finna lausnir sem henta hverjum og einum. Í staðinn fyrir orðið klósett er stundum talað um snyrtingu eða salerni.

Takk fyrir
góð ráð,
sjáumst
seinna.





Vinur Tíslu varð leiður þegar Tísla sagðist ekki geta leikið við hann.

Að leika saman

SAMVERA – EINLÆGNI

Halló, ég er komin aftur, hún Tísla vinkona ykkar.

Ég þarf nauðsynlega að fá ráð hjá ykkur. Það er í sambandi við vini og að leika saman eftir skóla. Ég á bæði góða vinkonu og góðan vin í bekknum en síðan leik ég líka við hina músakrakkana í skólanum.

Í gær bað Sía vinkona mín mig um að leika eftir skóla og ég sagði já. En síðan kom vinur minn, hann Njalli, og spurði hvort ég gæti leikið. Ég sagði að ég gæti það ekki af því að ég ætlaði að leika við Síu. Þá varð hann leiður og fór í fýlu. Mér finnst þetta svo leiðinlegt. Viljið þið hjálpa mér að finna lausn á þessu?



Lausnaleit: Hvað getur Tísla gert þegar margir eru að biðja hana um að leika?

Ég er vinur þinn

Ég er sko vinur þinn,
langbesti vinur þinn.
Gangi illa fyrir þér
allt á skakk og skjön
hvert sem lítið er,
þá skaltu muna vísdómsorð frá mér
að ég er vinur þinn.
Já, ég er vinur þinn.

Ég er sko vinur þinn,
langbesti vinur þinn.
Þér leiðist margt,
sama segi ég,
já tilveran er ekki alltaf dásamleg.
Þá skaltu muna vísdómsorð frá mér
að ég er vinur þinn.
Já, ég er vinur þinn.

Það eru ýmsir vafalaust
greindari en ég,
líka stærri en ég,
kannski.
Hjá engum öðrum er þó vináttan
jafn innileg á allan veg, já.
Þó líði ár og öld
mun vináttan enn við völd.
Þú færð að finna það, drengur minn,
að ég er vinur þinn.
Já, ég er vinur þinn,
langbesti vinur þinn.

Ágúst Guðmundsson

Símskeytið

Nemendur sitja í hring á gólfi og haldast í hendur. Einn er valinn til að sitja inni í hringnum. Annar er valinn til að senda símskeyti. Sá segir nafn þess sem hann ætlar að senda símskeytið til, sem er þá móttakandi. Símskeytið er sent af stað með því að sendandinn þrýstir laust, með hægri eða vinstri hendinni, hönd þess sem situr við hliðina. Sá sendir skeytið áfram á sama hátt og síðan koll af kolli þar til móttakandi fær skeytið. Mikilvægt er að engir aðrir kreisti hendur á meðan því þá gæti sendingin ruglast. Sá sem situr í miðjunni á að reyna að stöðva símskeytið. Ef hann sér hvar það er bendir hann á viðkomandi og segir stopp. Ef rétt er getið skiptir hann um stöðu við þann sem hafði skeytið. Sá sem var í miðjunni sendir nú nýtt skeyti af stað til einhvers í hringnum. Ef símskeytið berst til móttakanda án þess að vera stöðvað segir viðkomandi móttakið. Móttakandi sendir þá nýtt skeyti af stað.

Heima

Vinur Tíslu varð leiður þegar Tísla sagðist ekki geta leikið við hann af því að hún ætlaði að leika við vinkonu sína. Tísla kom í heimsókn til krakkanna í bekknum til að fá góð ráð. Rætt var um vináttu og að við getum átt marga vini og vinkonur og leikið saman. Hægt er að leika fleiri en tvö saman en einnig er hægt að ákveða hvenær hægt er að leika.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um samveru og einlægni. Hvernig hægt er að leika saman og að ekki má skilja einn eða tvo útundan.

Mögulegar lausnir:

Ein lausn er að leggja til að allir leiki saman. Ef hægt er þá má líka ákveða annan tíma til að leika við vini sína ef maður er upptekinn. Við getum átt marga vini og félaga sem við leikum stundum við og þurfum ekki alltaf að leika við þann sama. Gefum öllum tækifæri. Þegar við erum í skólanum er góð regla að allir megi vera með í leik.

Takk fyrir
góð ráð,
sjáumst
seinna.





Tíslu finnst ekki ganga nógu vel
í íþróttum og sundi.

Íþróttir og sund

ÁHYGGJUR – SJÁLFSTRAUST

Halló, ég er mætt, hún Tísla.

Það er svo gott og gaman að koma í heimsókn til ykkar. Ég fæ svo góð ráð hjá ykkur og síðan er gott að spjalla um hitt og þetta.

Farið þið í íþróttir og sund í ykkar skóla? Í Músaskólanum förum við tvisvar í viku í íþróttir og einu sinni í sund. Það er bara verst hvað íþróttasalurinn er stór. Mér finnst ég svo lítil inni í honum. Það eru alls konar íþróttatæki og dót þar inni, rimlar, kaðlar og margt fleira. Er það líka svoleiðis í ykkar skóla?

Ég þarf eiginlega að fá ráð hjá ykkur um íþróttir og sund. Mér finnst dálítið erfitt að fara í þessa tíma. Mér gengur ekki vel í íþróttum. Stundum missi ég boltann þegar ég á að grípa hann og ég get ekki almennilega farið í kollhnís. Sumir músakrakkarnir eru alveg farnir að synda en ekki ég. Finnst ykkur ekki að ég ætti bara að hætta að vera í íþróttum og sundi? Það væri þægilegra að vera inni á bókasafni og skoða bækur meðan hinir eru að hreyfa sig.

Lausnaleit: Hvað á Tísla að gera?



Góðan daginn

Nemendur sitja í hring og einn hefur bundið fyrir augun og situr í miðju hringsins. Kennari gefur öðrum nemanda bendingu og þá býður hann góðan daginn og breytir röddinni í leiðinni. Sá sem situr í miðjunni á að reyna að þekkja röddina og svarar þá á móti: „Góðan daginn“, og nefnir nafn þess sem hann heldur að eigi röddina. Hann fær þrjár tilraunir til að giska þangað til skipt er um hlustanda. Ef hann getur hins vegar rétt fer sá sem bauð góðan dag inn í miðjuna en annars getur kennarinn valið annan nemanda til að setjast í miðjuna.

Hver var að hlæja?

Hver var að hlæja þegar ég kom inn?
Kannski það hafi verið kötturinn.
Jæja, og jæja, látum hann þá hlæja,
kannski hann hlæi' ekki í annað sinn.

Heima

Tíslu finnst ekki ganga nógu vel í íþróttum og sundi. Hún kom í heimsókn til krakkanna í bekknum og ræddi um það við þá. Einnig var rætt um mikilvægi þess að hvetja hvert annað áfram og að allir eru góðir í einhverju.
Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um hvernig því líði í íþrótt- og sundtímum.

Mögulegar lausnir: Við erum öll góð í einhverju en þurfum síðan að æfa okkur meira í öðru. Það eru margir duglegir í íþróttum og sundi en aðrir þurfa að leggja meira á sig. Tísla getur haldið áfram að æfa sig og þá bætir hún sig smám saman. Hún má alls ekki gefast upp eða trúá því að hún sé léleg. Æfingin skapar meistarann. Mikilvægt er að allir hjálpi að við að hvetja hver annan áfram og sýni skilning ef illa gengur hjá bekkjarfélaga.

Takk fyrir
góð ráð,
sjáumst
seinna.





Tíslu finnst oft vera hávaði
og læti í matsalnum.

Matsalurinn


TILLITSSEMI – VANLÍÐAN

Halló krakkar, takk fyrir að taka svona vel á móti mér.

Mig langar að segja ykkur meira frá nýja skólanum mínum. Mér finnst gaman í skólanum og yfirleitt gengur bara vel. Það er þó eitt sem ég er ekki alveg nógu ánægð með þessa dagana. Í hádeginu förum við inn í stóran matsal til að borða hádegismatinn. Þar inni eru mörg borð og margir stólar. Þar borða mörg músabörn í einu. Mér finnst oft mikill hávaði og læti í matsalnum. Stundum fæ ég illt í höfuðið af öllum þessum hávaða. Hvernig gengur í matartímum hjá ykkur? Er hávaði eða er hljóðlát? Mig langar að biðja ykkur um að koma með ráðleggingar fyrir okkur í Músaskóla.



Lausnaleit: Hvað getum við gert til að minnka hávaðann og skapa rólega stund í matartímum?



Matarvísá

Mér finnst gott að borða blómkálssúpu og brauð, hamborgara, kjúklinga og súkkulaðifrauð. Fisk og gos og franskar finnst mér gott að fá og flatkökur með miklu smjöri og hangikjöti á. Fisk og gos og franskar finnst mér gott að fá, og flatkökur með miklu smjöri' og hangikjöti á.

Hans og Gréta

Allir standa í hring. Einn er valinn til að vera Hans og er bundið fyrir augun á honum. Síðan er annar valinn til að vera Gréta en Hans má ekki vita hver það er. Hans kallar nú á Grétu sem svarar með því að klappa saman lófunum. Hans gengur á hljóðið og þegar hann finnur Grétu heldur hann í hana og giskar á hver Gréta er.

Heima

Tíslu finnst oft vera hávaði og læti í matsalnum. Hún kom í heimsókn í bekkinn til að ræða um það. Rætt var um leiðir til að minnka hávaða og koma á ró í matsalnum.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um líðan þess í matartímum og skoða í leiðinni sína hegðun þar. En það er mikilvægt að kyrrð og ró sé í matsalnum.

Mögulegar lausnir: Ein leið er að ræða um af hverju þessi hávaði stafar og fá alla til að taka þátt í einhvers konar átaki til að minnka hávaðann og skapa ró. Gott er að fara með nemendur í matsalinn þegar ekki er matartími og æfa hvernig á að hegða sér þar. Það eru ákveðnar skólareglur sem gilda eins og að ganga hljóðlega um og svo á hver og einn að passa upp á sig.

Takk fyrir
góð ráð,
sjáumst
seinna.





Það er gaman
í skólanum hjá Tíslu.
Allir vinna og leika saman.

Að vinna saman

SAMVINNA

Halló, ég er komin. Hún Tísla ykkar.

Hvað segið þið nú gott í dag? Það er svo gaman í skólanum. Það eru allir svo glaðir og góðir. Ég held að það sé vegna þess að við erum að æfa okkur í að vinna og leika saman. Það er ekkert skemmtilegt ef allir hugsa bara um sjálfan sig og taka ekki tillit hver til annars. Í heila viku höfum við verið að vinna saman og leika saman. Öll verkefni unnum við tvö eða fleiri saman. Fyrst fannst mér það erfitt. Til dæmis þegar ég átti að teikna mynd með Snjalla bekkjarbróður mínum. Ég vildi hafa húsið rautt en Snjalli vildi hafa það appelsínugult. Við þurftum að tala lengi saman og finna út hvernig við vildum hafa húsið á litinn. Loksins ákváðum við að hafa það gult og vorum við bæði sátt við það. Það er ekki alltaf auðvelt að vinna eða leika sér með öðrum en það er gaman.



Lausnaleit: Hvernig gengur ykkur að vinna saman? Hvað þarf að gera til að það gangi vel?

Tveir kettir

Tveir kettir sátu uppi' á skáp, kritte- vitte- vitt- bomm- bomm
og eftir mikið gón og gláp, kritte- vitte- vitt- bomm- bomm.

Þá sagði annar: „kæri minn“, kritte- vitte- vitte- vitt- bomm- bomm,
„við skulum skoða gólfdukin“, kritte- vitte- vitt- bomm- bomm.

Og litlu síðar sagði hinn: kritte- vitte- vitt- bomm- bomm,
„komdu upp á ísskápinn“, kritte- vitte- vitt- bomm- bomm.

En í því glas eitt valt um koll, kritte- vitte- vitte- vitt- bomm- bomm
og gerði' á gólfið mjólkurpoll“, kritte- vitte- vitt- bomm- bomm.

Þá sagði fyrri kötturinn: kritte- vitte- vitt- bom- bomm,
„æ, heyrðu kæri vinur minn“, kritte- vitte- vitt- bomm- bomm.
„Við skulum hoppa niður' á gólf“, kritte- vitte- vitte- vitt- bomm- bomm
„og leþja mjólk til klukkan tólf“, kritte- vitte- vitt- bomm- bomm.

Hildigunnur Halldórsdóttir

Skilaboð

Í þessum leik skiptir máli að geta komið skilaboðum frá sér á einfaldan hátt og að geta hlustað og gert það sem einhver annar segir. Tveir og tveir nemendur vinna saman. Annar er með einfalda mynd og á að lýsa henni fyrir hinum sem teiknar myndina.

Tillaga að öðrum leik er að tveir nemendur standa eða sitja hvor á móti öðrum. Annar leikur spegil og hinn gerir nákvæmlega eins og hann. Síðan skiptast þeir á.

Heima

Það er gaman í skólanum hjá Tíslu. Allir vinna og leika saman. Tísla kom í heimsókn í skólann og sagði krökkunum í bekknum frá skemmtilegri vinnu í Músaskólanum. En músakrakkarnir hafa verið að æfa sig í að vinna saman og leika saman. Þau hafa lært að bera virðingu fyrir skoðunum annarra og finna sameiginlega lausn.

Mögulegar lausnir: Það skiptir máli að ræða saman og komast að samkomulagi. Finna út saman hvað á að gera, þannig að bæði verða sátt. Stundum þarf að gefa aðeins eftir og reyna að mætast á miðri leið. Einnig má skiptast á að ákveða hvað eigi að gera en umfram allt að taka tillit hvert til annars. Það er gott að læra að hlusta á aðra og jafnframt að geta komið skoðunum sínum á framfæri á skipulegan hátt.

Takk fyrir
góða umræðu,
sjáumst seinna.





Líkaminn er okkar einkahús.


Þetta er minn líkami

SAMSKIPTI

Halló, vinir mínir.

Nú er ég komin til ykkar, alla leið úr skólanum mínum. Það er mjög mikilvægt umræðuefni sem ég ætla að ræða við ykkur í dag. Það var þannig að í gær í skólanum þá tók Fía músastelpa fast utan um Dídí bekkjarsystur sína. Þegar Dídí fór að æpa og biðja hana að hætta þá setti Fía höndina fyrir munninn hennar til að hún hætti að æpa. Dídí leið mjög illa og grét mikið. Fíu leið líka illa og hún gat ekki almennilega útskýrt af hverju hún gerði þetta. Þegar þær voru báðar búnar að jafna sig og Fía var búin að biðja Dídí fyrirgefningar settumst við öll í hring í kennslustofunni og ræddum þetta.

Kennarinn minn sagði að það væri mjög mikilvægt að allir áttuðu sig á því að hver og einn ræður yfir sínum líkama. Það er mismunandi hvernig við þolum að aðrir komi nálægt okkur. Mörgum líður t.d. illa í lyftu af því að þá þarf stundum að standa þétt upp við ókunnugt fólk. Sumum krökkum í bekknum mínum finnst óþægilegt þegar einhverjir eru að pikka eða pota í þá. Stundum þegar við sitjum í hring þá getur verið óþægilegt ef einhver er alltaf að taka utan um mann og hanga í manni. Þá er gott að segja frá því ef að það sé óþægilegt. Þegar ég var nýbyrjuð í skólanum var Sía oft að slá í mig þegar ég átti að taka eftir einhverju. Ég bað hana um að hætta því og hún hætti.



Lausnaleit: Hvað finnst ykkur óþægilegt?

Dýr

Nemendur sitja í hring og einn sest í miðjuna og fær að byrja. Sá sem er í miðjunni hendir bolta eða baunapoka til einhvers í hringnum og segir um leið fuglar. Sá sem grípur boltann á þá að nefna tegund af fuglum, t.d. spóa. Síðan kastar hann til einhvers annars. Það má ekki nefna sömu tegundina tvisvar. Ef sá sem grípur getur ekki svarað, fer hann í miðjuna. Hægt er að hafa annað en fugla í þessum leik, t.d. húsdýr eða fiska.

Heima

Tísla mús kom í heimsókn og við ræddum um snertingu og nálægð. Sumum finnst mjög óþægilegt þegar verið er að pikka og pota í þau t.d. þegar krakkarnir standa í röð og þegar setið er í hring. Mikilvægt er að reyna að halda höndum og fótum að sér til þess að koma í veg fyrir óþægindi. Rætt var um að líkaminn sé okkar einkahús og það ráði hver og einn yfir sínum líkama.

Furðuverk

Ég á augu, ég á eyru,
ég á lítið skrítið nef.
Ég á augnabrúnir og augnalok
sem lokast er ég sef.
Ég á kinnar og varir rauðar
og á höfði hef ég hár.
Eina tungu og tvö lungu
og heila sem er klár.

Ég á tennur og blóð sem rennur
og hjarta sem að slær.
Tvær hendur og tvo fætur,
tíu fingur og tíu tær.
Ég get gengið og ég get hlaupið,
kann að tala mannamál.
Ég á bakhlið, ég á framhlið
en innst inni hef ég sál.

Því ég er furðuverk, algjört furðuverk
sem að guð bjó til.
Ég er furðuverk, algjört furðuverk,
lítið samt ég skil.

Jóhann G. Jóhannson

Mögulegar lausnir: Sumum finnst óþægilegt þegar bekkjarbróðir eða bekkjarsystir tekur utan um mann á meðan öðrum finnst það í lagi. Sumum leiðist líka þegar einhver pikkar og potar í þá, sem gerist oft þegar krakkarnir standa í röð eða sitja þétt saman. Góð regla er að halda höndum og fótum hjá okkur þegar við erum þétt saman svo að það skapist ekki óþægindi. Við þurfum að virða persónuleg mörk annarra.

Það má líta á líkamann sem húsið okkar sem við búum í. Svona einkahús, sem við ráðum yfir. Það er nauðsynlegt að borða hollan mat, hreyfa sig og sofa vel af því að við fáum ekki annan líkama til að búa í alla ævina og verðum því að fara vel með hann.

Takk fyrir
góða umræðu,
sjáumst seinna.





Gæludýrið hennar Tíslu dó.

Tísla missir gæludýr

SORG – SÖKNUÐUR

Halló krakkar.

Það er alltaf jafn gott og gaman að hitta ykkur hérna í skólanum. Ég þarf á góðum vinum að halda í dag. Það gerðist svolítið í gær eftir skóla sem ég þarf að segja ykkur frá. Ég er mjög leið í dag. Ég átti litla gæludýrabjöllu í búri. Bjallan mín hét Lilla en hún dó í gær. Þegar ég kom heim úr skólanum var hún dáin. Mamma og pabbi segja að hún hafi verið orðin gömul og að flest gæludýr lifi ekki svo lengi. Ég er samt leið og ég sakna Lillu. Stundum fór ég út með hana og leyfði henni að hlaupa um móann. Hún kom alltaf aftur til mín. Mér finnst eins og stór steinn sé fastur í hálsinum á mér og ég finn til í hjartanu.

Lausnaleit: Hafið þið fundið fyrir þessari tilfinningu og verið sorgmædd vegna þess að þið hafið misst einhvern? Hvenær erum við sorgmædd? Hvað getum við þá gert?



Frost er úti

Frost er úti fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu' í nefið þitt,
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik,
ég ætla að flýta mér.
Að biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Mögulegar lausnir: Kannski hafa einhverjir upplifað að missa einhvern nákominn t.d. afa, ömmu, frænku eða frænda. Aðrir hafa kannski upplifað eins og Tísla að missa gæludýr. Það getur hjálpað að tala um sorgina og hvernig okkur líður. Einnig er gott að eiga einhvern að, sem getur verið til staðar og hjálpað. Einhver, eins og foreldri, sem huggar, hlustar og deilir sinni upplifun um sorg og söknuð. Sumir vilja jarða gæludýrin sín þegar þau deyja, setja blóm eða lítið tré á gröfina. Einnig finnst sumum huggandi að skrifa bréf til þess sem er dáinn með góðum minningum.

Minnisleikur

Nemendur sitja í hálfhring. Fimm nemendur sem sitja við op hringins hafa allir einhvern hlut í annarri hendinni. Kennarinn segir þeim að sýna hlutina. Nemendur virða hlutina fyrir sér í stutta stund. Þá spyr kennarinn börnin, t.d.: Jón, hvað er Anna með í hendinni? Geti Jón svarað fær hann næst að hafa hlut í hendinni. Leikurinn verður erfiðari ef börnin hafa hlut í báðum höndum..

Heima

Tísla kom í heimsókn í bekkinn og sagði krökkunum frá því að hún væri sorgmædd af því að gæludýrið hennar dó. Rætt var um tilfinningar sem fylgja sorg og söknuði.

*Takk fyrir að vera
svona góðir
vinir mínir,
sjáumst seinna.*





Það eru ekki allir eins.
Hver og einn er einstakur.

Allir eru einstakir

HJÁLPSEMI

Komið þið sæl og blessuð.

Það var að byrja nýr músastrákur í skólanum okkar sem heitir Pési. Hann er mjög skemmtilegur. Ég sat við hliðina á honum í gær í skólanum og við lékum okkur saman í frímínútum. Pési getur ekki gengið á fótunum sínum. Þess vegna á hann sérstakan stól á hjólum sem er kallaður hjólastóll. Kennarinn minn talaði við okkur um að það eru ekki allir eins og sagði að við ættum að taka hverjum og einum eins og hann er. Í gær vorum við að tala um það í bekknum mínum að við erum öll einstök sem þýðir að það er alltaf eitthvað sérstakt við hvern og einn. Margir þurfa að nota gleraugu. Sumir heyra ekki nógu vel og þurfa að hafa lítil heyrnartæki í eyrunum til að heyra betur.

Lausnaleit: Hvað getið þið sagt hinum krökkunum í bekknum um ykkur sjálf?



Fram, fram fylking

Fram, fram fylking,
forðum okkur háska frá,
því ræningjar oss vilja ráðast á.
Sýnum nú hug,
djörfung og dug.
Vaki, vaki vaskir menn,
voða ber að höndum.
Sá er okkar síðast fer,
mun sveipast hörðum böndum.

Ari Jónsson

Mögulegar lausnir: Gott er að opna á umræðu um það hvernig hvert og eitt okkar er einstakt. Hægt er að byrja að ræða um augnalit, háralit, uppáhaldsmat eða uppáhaldslit til að sýna að við erum ekki eins.

Að skoða í huganum

Nemendur loka augunum. Kennari ber fram spurningar, t.d.: Hvað eru margir gluggar í kennslustofunni? Eru gluggar, opnar dyr, lokaðir skápar, opnar skúffur? Hvaða litur er á hurðinni? Hvernig er ákveðinn nemandi klæddur? Hver situr við hliðina á þessum? Hvað eru margir gluggar, myndir, dyr, borð? Hvernig er veðrið?

Nemendur rétta upp hönd og svara hverri spurningu með augun lokuð þegar kennari nefnir nafn þess sem má svara. Síðan athuga þeir hvort svarið hafi reynst rétt.

Heima

Tísla kom í heimsókn í bekkinn og ræddi við krakkana um að það eru ekki allir eins. Hver og einn er einstakur.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um það hversu ólík við erum. Það er ekki endilega það sama sem hentar hverjum og einum.

*Takk fyrir
góða umræðu,
sjáumst seinna.*





Fjölskyldur hafa ólíka
siði og venjur.

Ólíkir siðir og ólíkar venjur

VIRÐING – TILLITSSEMI

Halló krakkar. Gaman að sjá ykkur.

Við vorum að læra um það í bekknum mínum hversu ólíkar fjölskyldur okkar eru. Sumar fjölskyldur hafa sína ákveðna siði og venjur sem eru ekki endilega þær sömu og hjá öðrum. Til dæmis er alltaf pítsa í matinn á föstudögum hjá henni Síu vinkonu og í minni fjölskyldu hittast allir á sunnudögum í kaffi hjá ömmu minni. Það er líka mismunandi á hvað fólk trúir. Það eru til mörg trúarbrögð. Sumir eru kristnir og trúa á Jesú Krist, á meðan aðrir trúa á Allah eða eru hindúatrúar. Enn aðrir aðhyllast búdda- eða gyðingdóm. Það eru líka margir sem trúa ekki á neina guði og hafa engin ákveðin trúarbrögð.

Heima hjá mér er fastur liður að mamma bakar jarðarberjaostaköku þegar einhver í fjölskyldunni á afmæli. Einu sinni ákvað hún að sleppa því að baka kökuna þegar pabbi átti afmæli og bakaði í staðinn kókosökku. Kókoskakan var mjög góð en pabbi bað samt mömmu um að baka jarðarberjaostakökuna næst þegar hann á afmæli.

Lausnaleit: Hvaða siðir eða venjur eru í ykkar fjölskyldu? Það þýðir eitthvað sem þið gerið oft eða alltaf á sama tíma.



Lítill heimur

Það er gott að vera (þar) sem gleðin býr.

Þar gerast sögur og ævintýr.

Þetta' er veröldin okkar,

sem laðar og lokkar,

svo ljúf og hýr.

∴ Lítill heimur, ljúfur hýr ∴ (x3)

eins og ævintýr.

Þýskt þjóðlag

Hver stal beininu?

Nemendur sitja í hring og einn fer inn í miðju hringins og undir teppi. Á bakið á honum er sett bjalla eða einhver annar hlutur sem heyrst/ skráfar í. Kennarinn velur eitt barn úr hópnum sem á að taka bjölluna hægt og hljótt af bakinu og setjast síðan aftur í hringinn með bjölluna fyrir aftan bak. Hinir setja einnig hendurnar fyrir aftan bak á sama hátt. Þegar allir eru tilbúnir er kallað: „Einhver hefur stolið beininu þínu, litli hundur.“ Þá má nemandinn í miðjunni koma undan teppinu og leika hund. Hann fer upp að þeim nemanda sem hann heldur að sé með bjölluna og geltir. Þá á sá nemandi að sýna hendur sínar. Hundurinn fær þrjár tilraunir til að finna bjölluna. Hægt er að gefa vísbendingar með því að hrista bjölluna örliði.

Heima


Tísla mús kom í heimsókn til krakkanna í bekknum og ræddi um að fjölskyldur hafa ólíka siði og venjur. Sumir aðhyllast ákveðin trúarbrögð á meðan að aðrir gera það ekki.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um ólíka siði og venjur í fjölskyldum.

Mögulegar lausnir: Sumar fjölskyldur hafa ákveðna siði eða venjur t.d. eru sumir með kósíkvöld einu sinni í viku á meðan aðrar fjölskyldur spila saman eða fara í gönguferðir. Sumir hafa það fyrir fasta venju að fara saman í ferðalög, hvort sem er í útilegu eða í bústað, á meðan aðrir hafa það sem fastan lið að fara í heimsókn til ömmu og afa, eða frænku. Margar venjur tengjast líka hátíðum, t.d. að hafa það sama í matinn á hátíðum. Mismunandi siðir og venjur tengjast líka trúarbrögðum sem fólk aðhyllist eða leggur stund á.

Takk fyrir
góða umræðu,
sjáumst seinna.





Allir eru góðir í einhverju
en enginn er góður í öllu.

Hæfileikar Tíslu

STYRKLEIKAR – SJÁLFSTJÓRN

Halló krakkar.

Vissuð þið að við höfum öll, hvert og eitt okkar, hæfileika eða ákveðinn styrkleika? Það þýðir að við erum góð í einhverju eða eigum auðvelt með að tileinka okkur eða læra eitthvað ákveðið. Í gær var ég í íþróttatíma í skólanum og við áttum að hlaupa og þá sagði kennarinn minn að ég hlypi mjög hratt og þarna væri einn af hæfileikum mínum. Ég er sem sagt góð í að hlaupa. Mér finnst þetta merkilegt. Við þurfum að finna hæfileika okkar og vinna sérstaklega með þá. Það var einmitt það sem kennarinn minn sagði við okkur. Hann sagði líka að það væru ekki allir jafn fljótir að læra af því að hæfileikar okkar væru svona misjafnir. En ef við æfum okkur getum við örugglega orðið betri.



Lausnaleit: Hvaða hæfileika eða styrkleika hafið þið? Í hverju eruð þið góð?

Í grænni lautu

Í grænni lautu, þar geymi ég hringinn,
;: sem mér var gefinn og hvar er hann nú ;:


Heima

Tísla er góður hlaupari. Allir eru góðir í einhverju en enginn í öllu.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um styrkleika þess og veikleika og hvernig hægt er að verða betri í því sem mann langar til.

Í grænni lautu

Nemendur ganga í hring og leiðast um leið og lagið er sungið. Einn er í miðju hringins og grúfir sig niður. Nemandi í hringnum fær hring í aðra höndina og um leið og söngurinn er búinn stoppa allir og halda lokuðum hnefunum fram. Sá sem er í miðjunni stendur upp og giskar í hvaða lófa hringurinn er. Hann fær þrjár tilraunir. Ef hann getur rétt fer sá sem hafði hringinn í miðjuna, annars er annar nemandi valinn.



Mögulegar lausnir: Allir eru góðir í einhverju og það er mjög mikilvægt að nemendur geti nefnt alla vega eitthvað eitt sem þeir eru góðir í. Gott er að skrifa hæfileikana á blað og láta hanga í stofunni. Síðan má ræða um það í hverju hver og einn vill bæta sig. Allir hafa einhverja styrkleika og veikleika en öll getum við æft okkur og tekið framförum.

Takk fyrir
góða umræðu,
sjáumst seinna.





Tísla sótti hjálp þegar hún varð vitni
að stríðni.

Tísla hjálpar bekkjarfélaga

STRÍÐNI – EINELTI

Halló, halló, ég er komin í heimsókn til ykkar.

Hvað segið þið gott í dag? Eru ekki allir vinir og góðir hverjir við aðra hér í þessum bekk? Það var ekki fallett sem ég sá í gær þegar ég var á leiðinni heim úr skólanum. Fimm músakrakkar voru að stríða Malla bekkjarbróður mínum. Þeir tóku af honum skólatöskuna og sögðu margt ljótt við hann. Ég hljóp eins hratt og ég gat til baka inn í skólann og sótti húsvörðinn. Hann fór út og stoppaði þessa ljótu stríðni. Svo var haft samband við foreldra allra músakrakkanna sem voru að stríða honum. Kennarinn minn sagði að svona stríðni geti orðið að einelti. En einelti er ofbeldi. Því að þá eru einn eða fleiri vondir við þann sama aftur og aftur. Mér finnst mjög ljótt að leggja einhvern í einelti. Mér myndi líða mjög illa ef alltaf væri verið að stríða mér. Kennarinn okkar sagði að það yrði að stoppa einelti og stríðni sem oft beinist að þeim sama og að við yrðum alltaf að láta vita ef við yrðum vitni að svona atvikum.



Lausnaleit: Hvað getum við gert til að koma í veg fyrir stríðni og einelti í skólanum? Hvers vegna er mikilvægt að koma í veg fyrir það?

Ein stutt, ein löng

Ein stutt, ein löng, hringur á stöng og flokkur sem spilaði og söng.

Köttur og mús og sætt lítið hús, sætt lítið hús og köttur og mús.

Ein stutt, ein löng, hringur á stöng og flokkur sem spilaði og söng.

Penni og gat og fata sem lak, fata sem lak og penni og gat.

Ein stutt ...

Lítill og mjór og feitur og stór, feitur og stór og lítill og mjór.

Ein stutt ...

Mögulegar lausnir: Að tala saman um einelti og stríðni svo að allir viti hversu alvarlegt það er. Segja frá þegar við sjáum eða heyrum um einelti eða að oft sé verið að stríða einhverjum. Láta kennarann eða foreldra sína vita. Æfa sig í að vera góðir vinir og bera virðingu hvert fyrir öðru. Það er bæði hægt að særa með orðum og með höggum og spörkum. Hvort tveggja er alvarlegt og getur haft áhrif á þann sem verður fyrir því. Við berum alltaf ábyrgð á því sem við segjum og gerum. Það er ekki hægt að segja að hann eða hún hafi byrjað eða það hafi verið þessum eða hinum að kenna. Við stjórnnum alltaf sjálfum okkur og enginn annar.

Borgin sefur

Í þessum leik geta nemendur annaðhvort setið við borð eða legið á gólfinu. Þrír eru valdir og þeir standa upp. Allir aðrir leggjast á grúfu en vísa öðrum þumal fingrinum upp í loftið. Þeir eru íbúar í borginni sem sefur. Nú læðast völdu nemendurnir af stað og velja sér hver og einn sofandi borgarbúa og ýta þumlinum á honum niður. Þegar þeir hafa læðst til baka, spyr kennarinn hvort einhverjir hafi orðið fyrir ónæði um nóttina. Þeir þrír sem urðu fyrir ónæði gefa sig fram og reyna að giska á hver ýtti þeirra þumli niður. Ef þeir geta rétt fá þeir að valda ónæði næstu nótt.

Heima

Tísla sótti hjálp þegar hún varð vitni að stríðni. Hún kom í bekkinn til krakkanna til að ræða um stríðni og hversu alvarlegt einelti er.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um stríðni og einelti.

Takk fyrir
góða umræðu,
sjáumst seinna.





Tísla er ópolinmóð og finnst hún
lengi að læra að lesa.


Tísla lærir að lesa

POLINMÆÐI

Halló krakkar.

En hvað það er gaman að koma til ykkar. Eruð þið að læra bókstafina? Eru kannski einhverjir byrjaðir að lesa? Mér finnst mjög gaman að læra að lesa en ég er ósköp ópolinmóð. Það segir hún mamma mín að minnsta kosti. Mér finnst lesturinn ekki ganga nógu hratt. Það eru margir músakrakkar farnir að lesa miklu meira en ég. Polinmæði þrautir vinnur allar, segir músaamman mín. Hún segir að ef ég verði dugleg að æfa mig að lesa á hverjum degi þá komi þetta allt saman. Haldið þið það ekki líka? Á ég að vera polinmóð og dugleg að æfa mig? Hvernig finnst ykkur ganga að læra að lesa?

Kennarinn minn segir að lestrarnámið sé einstaklingsbundið. Það þýðir að hver og einn lærir að lesa á sínum hraða. Sumir eru mjög fljótir en aðrir þurfa að æfa sig mjög mikið því það gengur hægar hjá þeim að læra að lesa. Þetta er alveg eins með allt nám. Sumir eiga auðvelt með að reikna en aðrir þurfa að æfa sig meira.



Lausnaleit: Hvernig getum við hjálpað Tíslu að vera polinmóð gagnvart lestrarnáminu?

Íslenska stafrófið

A Á B D ð E É

F G H I Í J K.

L M N O Ó OG P

eiga þar að standa hjá.

R S T U Ú V næst

X Y Ý, svo Þ Æ Ö.

Íslenskt stafróf er hér læst

í erindi þessi skrítn tvö.

Þórarinn Eldjárn

Mögulegar lausnir: Mikilvægt er að hvetja hvert annað áfram. Það þýðir að hrósa hvert öðru og vera glöð með þann árangur sem hvert og eitt nær, bæði í lestri og í náminu almennt.

Það þarf að passa að gera aldrei lítið úr einhverjum sem þarf lengri tíma en aðrir. Þegar við erum að glíma við eitthvað verkefni þá er gott að æfa sig smávegis á hverjum degi. Til dæmis er gott að lesa stutt í einu og hvíla sig inn á milli. Hægt er að velja bók á bókasafni sem manni líst vel á og lesa hana. Mikilvægt er að gefast ekki upp heldur láta jákvæðni og bjartsýni leiða sig áfram. Því eins og amma hennar Tíslu segir svo réttilega: Polinmæði þrautir vinnur allar.

Hvað er í poka

Nemendur skiptast á að draga hluti upp úr poka. Kennari biður nemanda um að segja hver hluturinn sé. Síðan biður hann nemandann um að segja fyrsta hljóðið/síðasta hljóðið/miðjuhljóðið á nafninu.

Heima

Tísla er ópolinmóð og finnst hún lengi að læra að lesa. Hún kom í heimsókn til krakkanna í bekknum til að ræða um það. Mikilvægt er að hvetja hvert annað og vera dugleg að hrósa þegar vel gengur. Það læra allir á mismunandi hraða og oft þarf að vera polinmóður.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um námið, leggja áherslu á að það læri ekki allir á sama hátt eða jafn hratt. Hrós og hvatning er gott veganesti en einnig skiptir máli að barnið sé vel upplagt þegar það fer að sinna heimanáminu.

*Takk fyrir
góða umræðu,
sjáumst seinna.*





Tísla og vinir hennar ætla
að halda hátíð í skólanum.

Gaman saman

GLEÐI – TILHLÖKKUN

Halló krakkar, það er gaman að vera komin til ykkar.

Í dag er ég svo glöð að ég gæti dansað um alla skólastofuna. Ég hlakka svo til á morgun því þá ætlum við í bekknum mínum í Músaskóla að bjóða foreldrum okkar og öðrum gestum á hátíð. Við erum búin að skreyta kennslustofuna og hengja upp myndir og fána. Við ætlum að sýna leikrit sem við erum búin að æfa og við ætlum líka að segja frá vinnunni í skólanum og hvað við höfum verið að gera. Það verður svo gaman. Ég er með fiðrildi í maganum af því ég hlakka svo til. Hafið þið farið á svona hátíðir? Hvernig hátíðir finnst ykkur skemmtilegar? Það er misjafnt eftir löndum og fjölskyldum hvaða hátíðir eru haldnar. Flestir á Íslandi halda hátíð um jól og páska en það gera ekki allir. Það halda líka margir hátíð þegar þeir eiga afmæli en svo eru aðrir sem halda ekki upp á afmælið sitt. Mér finnst gaman að undirbúa hátíð og skemmtilegt að fara í veislur.



Lausnaleit: Hvaða hátíðir finnst ykkur skemmtilegar? Hvað gerir ykkur glöð?

Hvernig högum við okkur á hátíðum/skemmtunum til að allt gangi vel og við getum skemmt okkur?

Karl gekk út um morguntíma

Karl gekk út um morguntíma,
taldi alla sauði sína.
Einn og tveir og þrír og fjórir.
Allir voru þeir.
Með höndunum gerum við klapp, klapp, klapp.
Með fótunum gerum við stapp, stapp, stapp.
Einn, tveir, þrír, ofurlítið spor
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

Mögulegar lausnir: Nemendur fá tækifæri til að segja frá sinni uppáhalds hátíð. Gott er að ræða um að það skiptir máli að samgleðjast með öðrum. Það er t.d. hægt með því að segja „en gaman að þú ert að fara í afmæli í dag, það verður áreiðanlega gaman hjá þér“. Hægt er að setja upp hlutverkaleik og æfa þetta. Önnur hugmynd er að vinna að hátíð bekkjarins í tengslum við þennan kafla og bjóða foreldrum/forráðamönnum eins og bekkurinn hennar Tíslu gerði í sögunni. En það skiptir máli að vera stilltur og prúður á hátíðum og í veislum og kurteis við alla. Við getum glatt aðra á svo margan hátt, t.d. með fallegum sögum, söng og leik.

Leyninemandinn

Einn nemandi lýsir klæðnaði og útliti á öðrum nemanda en má ekki nefna nafnið hans. Á meðan loka allir nema hann augunum og reyna að sjá fyrir sér í huganum hver það er. Þeir sem halda að þeir viti hverjum er verið að lýsa mega rétta upp hönd en alls ekki nefna nafn hans fyrr en þeir fá leyfi. Hægt er að útfæra þennan leik á margan hátt. Kennari eða nemendur geta lýst hlut sem er í stofunni eða ímynduðu dýri.

Heima

Tísla og bekkjarfélagar hennar ætla að halda hátíð í skólanum. Hún kom í heimsókn til bekkjarins og sagði frá hátíðinni. Rætt var um hátíðir og að samgleðjast með öðrum. Einnig var rætt um hvað það er sem gerir okkur glöð og tilfinningarnar gleði og tilhlökkun.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ræða við barnið um hvað barnið getur sjálft gert til að gleðja sig og aðra.

Takk fyrir
góðar umræður.
Bless, bless.



Bókin um Tíslu

Bókin fjallar um hugsanir, tilfinningar og atvik sem upp kunna að koma hjá börnum við upphaf skólagöngu og hvernig takast má á við breytingar á jákvæðan hátt. Hún er hugsuð fyrir kennara til að leiða samverustund með nemendum sínum þar sem rætt er um hvernig bregðast má við eða vinna með þessar tilfinningar.



ISBN 978-9979-0-1698-4

© 2012 Hrund Hlöversdóttir

© 2012 teikningar: Íris Auður Jónsdóttir

Ritstjóri: Harpa Pálmadóttir

1. útgáfa 2012

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun

Prentun: Prenttækni ehf.

m MENNTAMÁLASTOFNUN
40511

